



## STJÓRN SSH 441. fundur

Mánudaginn 13. mars 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Lindal Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.  
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir  
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

### 1. Ársreikningur SSH 2016

Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur SSH fyrir árið 2016, ásamt áritun endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti reikninginn og áritaði.

### 2. Húsnæðismál og lóðaframboð /málsnr. 1703008

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

HÁP kynnti frumniðurstöður á samantekt um íbúðabyggingar og lóðaframboð á höfuðborgarsvæðinu sem er nú í vinnslu á vegum SSH.

Fyrir liggur að stjórn SSH mun funda í næstu viku með velferðarráðherra o.fl. aðilum vegna yfirstandandi umræðu um aðstæður á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu og möguleikum ríkis og sveitarfélaga til samræmdra aðgerða til að ráða bót á núverandi ástandi.

Umræður

Niðurstaða:

Skrifstofa SSH mun vinna ítarlega tölfræðisamantekt fyrir stjórn sem innlegg í ofangreinda umræðu, en að auki þarf að undirbúa umræðu um gatnagerðargjöld og gjaldtöku sveitarfélaganna, möguleika á tilslökun í byggingareglugerð, ásókn leigufélaga í stofnframlög ríkisins, byggingar almennra íbúða, mögulega breytingar á Airbnb útleigu o.fl. þætti sem áhrif geta haft á sameiginlega niðurstöðu aðila.



### 3. Endurvinnslustöðvar SORPU bs. /málsnr. 1703005

Fyrir fundinum lá neðangreind tillaga að erindisbréfi starfshóps um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva, sbr. samþykkt stjórnar á 439. stjóranrfundi hinn 13. febrúar 2017:

#### ERINDISBRÉF STARFSHÓPS UM ENDURSKOÐUN Á NÚVERANDI FYRIRKOMULAGI Á REKSTRI ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Endurvinnslustöðvar sveitarfélaganna er liður í því að sveitarfélögin sinni skyldum sínum í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstur endurvinnslustöðva aðildarsveitarfélaga SORPU bs. er í dag í höndum byggðasamlagsins samkvæmt sérstöku samkomulagi sem gert var í janúar 2007.

Margvíslegar breytingar á flokkun, meðhöndlun og förgun úrgangs frá undirritun samningsins, ásamt þróun byggðar og atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu hafa leitt til þess að tímabært er að samningurinn, ásamt þeim verkefnum og úrlausnarefnum sem skilgreind eru í samningnum, sé tekin til gagnerrar endurskoðunar.

Vegna þessa leggur stjórn SSH til við aðildarsveitarfélögin að stofnaður verði sérstakur starfshópur, skipaður þeim starfsmönnum sveitarfélaganna sem annast daglega umsjón og stjórn á þessu verkefni innan sveitarfélaganna til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á rekstri endurvinnslustöðvanna og til að móta tillögur um besta og hagkvæmasta fyrirkomulag þessarar starfsemi héðan í frá.

Hlutverk starfshópsins verður að fara yfir núverandi stöðu, greina þarfir og áherslur vegna reksturs endurvinnslustöðva sveitarfélaganna með megináherslu á eftirfarandi

- a) Skilgreining á þeim breytingum sem mögulega þarf að gera á núverandi móttöku og flokkun á endurvinnslustöðvunum og móta tillögur um hentugasta fyrirkomulag héðan í frá.
- b) Hagkvæmstu stærð og fjölda endurvinnslustöðva á svæðinu m.t.t. þjónustu og reksturs.
- c) Meta þörf á breytingu á þjónustutíma, gjaldskrá og öðrum þáttum í ljósi breyttra áherslna.
- d) Mat á þörf á samræmingu á áherslum og reglum sveitarfélaganna um flokkun og meðhöndlun þess úrgangs sem tekið er á móti á endurvinnslustöðvunum.
- e) Mat á hagkvæmasta rekstrarfyrirkomulagi endurvinnslustöðvanna, s.s.:
  - a. Áframhaldandi samningur við SORPU bs.
  - b. Útboð á rekstri endurvinnslustöðvanna undir öðru samstarfsformi.
  - c. Sveitarfélögin annist hvert og eitt rekstur endurvinnslustöðva á sínu svæði.
  - d. Aðrir kostir.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum sínum til stjórnar SSH fyrir lok apríl 2017.

Umræður

#### Niðurstaða:

Stjórn samþykkti ofangreint erindisbréf og fól framkvæmdastjóra að kalla eftir tilnefningum sveitarfélaganna og boða til fyrsta fundar hópsins.



#### **4. Rekstrarúttekt byggðasamlaganna /málsnr. 1501004**

Rætt var um stöðu við verklok vinnu vegna rekstrarúttektar byggðasamlaganna, en fyrir liggur að ekki hefur tekist að halda tímaáætlun vegna þeirra funda sem halda þarf með stjórnnum byggðasamlaganna o.fl. til að ljúka máli.

Formanni og framkvæmdastjóra var falið að setja upp nýja tímaáætlun með það að markmiði að verkefninu ljúki eins fljótt og frekast er kostur.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55